

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóða við Nátthagavatn, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 8. október 2008 samþykkt deiliskipulag tveggja frístundalóða við Nátthagavatn, landnúmer 125236. Skipulagið gerir ráð fyrir að á hvorri lóð megi reisa frístundahús allt að 70 m² að stærð auk allt að 10 m² geymsluhúss.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 29. október 2008,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2008